



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**543. fundur stjórnar SSH
var haldinn í Hamraborg 9, mánudaginn 5. september 2022
og hófst hann kl. 12:00.**

Fundinn sátu:

Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Jóhanna Hreinsdóttir, Almar Guðmundsson, Þór Sigurgeirsson, Regína Ásvaldsdóttir, Orri Vignir Hlökkversson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Páll Björgvin Guðmundsson.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Dagskrá:

1. Heilbrigðisumdæmi - hlutverk Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins - 2205003

Óskar Reykdalsson forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Brjánn Jónasson samskiptastjóri kynna helstu verkefni og starfsemi en gert er ráð fyrir samráði og upplýsingamiðlun heilsugæslunnar gagnvart sveitarfélögum. Umræður.

Gestir

Brjánn Jónasson

Óskar Reykdalsson

Niðurstaða:

Stjórn SSH vill koma á framfæri þakklæti til Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins fyrir kynninguna og að hafa frumkvæði að samtali aðila.

Framkvæmdastjóra falið að koma á fundi Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins með Skólamálanefnd SSH og Samráðshópi SSH á sviði velferðarmála.

Unnið verður áfram að frekara samtali milli sveitarfélaganna og heilsugæslunnar.

Lagt fram til kynningar

2. Stefnuráð áfangastaðarins höfuðborgarsvæðið - 2203019

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 2. fundar Stefnuráðs áfangastaðarins höfuðborgarsvæðisins sem fram fór 31. ágúst 2022.

Þá eru fyrirliggjandi fundargerð 1. fundar Stefnuráðs áfangastaðarins höfuðborgarsvæðiðsins, sem fram fór 25. mars 2022, og fylgigögn, en þau gögn voru jafnframt lögð fyrir 538. fund stjórnar SSH, 4. apríl 2022.

Björn H. Reynisson verkefnastjóri kynnir framangreint.

Gestir

Björn H. Reynisson



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

3. Rekstrargreining Áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins - 2208014

Fyrir liggur rekstrargreining KPMG á Áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins. Sævar Kristinsson verkefnastjóri hjá KPMG kynnir niðurstöður hennar.

Þá er fyrirbyggjandi minnisblað Björns H. Reynissonar verkefnastjóra um næstu skref málsins.

Umræður um forsögu málsins og áframhald þessa verkefnis.

Gestir

Sævar Kristinsson

Björn H. Reynisson

Niðurstaða:

Stjórn samþykkir að fela verkefnastjóra Áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins að senda sveitarfélögunum ofangreinda rekstrargreiningu og fylgja henni eftir með sérstakri kynningu.

4. Borgað þegar hent er - hringrásarhagkerfið - úrgangsmál - 2206002

Á 540. fundi stjórnar dags. 13. júní 2022 var eftirfarandi niðurstaða skráð í fundargerð: "Starfshópi um samræmingu úrgangsflokkunar er falið að vinna tillögur að samræmdri útfærslu á borgað þegar hent er kerfi, í samstarfi við fjármálastjóra sveitarfélaganna. Verkefnið verði jafnframt kynnt Stefnuráði byggðasamlaganna og stjórn Sorpu bs. Stjórn verði upplýst um framvinduna og málið lagt fyrir stjórnarfund að nýju."

Fyrirliggjandi er minnisblað starfshópsins dags. 1. september 2022 þar sem lagt er til að notast verði við svokallað "rúmmálskerfi" við útfærslu "borgað þegar hent er" og að farið verði í frekari rýni við innleiðingu þess samhliða innleiðingu á nýju hirðkerfi. Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri og Gunnar Dofri Ólafsson frá Sorpu bs. kynna framangreint.

Gestir

Gunnar Dofri Ólafsson

Jón Kjartan Ágústsson

Niðurstaða:

Tekið er undir tillögur starfshóps sbr. minnisblað, að svokölluð rúmmálskerfi verði rýnd nánar.

Áfram verði unnið að verkefninu til samræmis við tillögur minnisblaðsins og samráð haft við fjármálastjóra sveitarfélaganna svo unnt sé að taka tillit til þess við fjárhagsáætlanagerð 2023.

Málið verði lagt fyrir stjórnarfund að nýju eftir að nánari greiningarvinna hefur átt sér stað.

Framangreint verði kynnt fyrir þeim sveitarfélögum sem þess óska.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

5. Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins - 1501005

Fyrir liggur minnisblað Einars K. Stefánssonar, dags. 1. september 2022 um fyrirbyggjandi tilboð í borun vatnsholu fyrir snjóframleiðslu, útboð nr. 15573 þar sem farið er yfir framkomið tilboð og óskað eftir heimild stjórnar til að ganga til samninga við bjóðanda.

Einnig liggur fyrir minnisblað Einars K. Stefánssonar, dags. 31. ágúst 2022, um mögulega breytingu á afhendingartíma Drottningar og næstu skref í því máli.

Þá er fyrirbyggjandi til kynningar fundargerð verkefnahóps vegna uppbyggingar og reksturs Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins 31. ágúst 2022.

Jafnframt er fyrirbyggjandi upplýsingaskjal um hlutverk og ábyrgðarsvið einstakra aðila og helstu hagaðila auk þess sem gerð er grein fyrir fyrirhuguðum og yfirstandandi framkvæmdum og kostnaðarog tímaáætlun vegna þeirra.

Niðurstaða:

Stjórn samþykkir að gengið verði til samninga við bjóðanda í útboði nr. 15573 til samræmis við fyrirbyggjandi minnisblað Einars K. Stefánssonar dags. 1. september 2022.

6. Ferðavenjukönnun 2022 - 2208002

Niðurstaða:

Frestað

7. Húsnæðismarkaðurinn á höfuðborgarsvæðinu - samningsgerð - 2205006

Niðurstaða:

Frestað

8. Almenningsamgöngur-endurskoðun samkomulags - 2109004

Niðurstaða:

Frestað

9. Aðalfundur SSH 2022 - 2208012

Niðurstaða:

Frestað

10. Umsagnir þingmála - 1910005

Niðurstaða:

Frestað

11. Önnur mál - 2110011

Niðurstaða:



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Frestað

Þar sem ekki gafst tími til að ræða liði 6-11 verður boðað til aukafundar stjórnar SSH
mánudaginn 12. september kl. 12:00-14:00.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.